

**1**  
19. jan. Skyldur er hver hundeigandi að hlýta ákvæðum reglugjörðar fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu um lækningu hunda af bandormum o. fl. frá 30. júní 1901.

**2. gr.**

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 100—1000 krónur, og er hver hundur rjettdræpur, sem fyrirfinst á kaupþúslóðinni, nema hann fylgi manni utan kaupþúnsins.

**3. gr.**

Reglugjörð þessi öðlast gildi 30. janúar 1925 og skal fyrir þann dag fá leyfi hreppsnefndar fyrir ofantalda 5 hunda.

Reglugjörð þessi staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 8, 4. júní 1924 og birtist til leiðbeiningar öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. jan. 1925.*

Magnús Guðmundsson.

---

*Oddur Hermannsson.*

**2**  
26. jan. STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Girðingarsjóð Runólfs Halldórssonar á Rauðalæk, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum, af dóms- og kirkjumálaráðherranum, 26. janúar 1925. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

**Girðingarsjóð Runólfs Halldórssonar á Rauðalæk.**

**1. gr.**

Stofnfje sjóðsins er 120 krónur, sem er andvirði fyrir litla landspildu, er gekk undan Efri-Rauðalæk 1923.

**2. gr.**

Girðingarsjóðinn skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

**3. gr.**

Í næstu 200 — tvö hundruð — ár skulu allir vextir af Girðingarsjóðnum árlega leggjast við höfuðstólinn,

## 4. gr.

Að nefndum tvö hundruð árum liðnum falla allir ársvextir árlega til útborgunar, að undantekinni einni krónu, sem jafnan legst við höfuðstólinn. 26. jan.

## 5. gr.

Vöxtum þeim af sjóðnum, er koma til útborgunar að 200 árum liðnum, skal verja til girðinga í Holtahreppi Rangárvallasýslu, einkum til landamerkjagirðinga.

## 6. gr.

Sýslunefnd Rangárvallasýslu hefir umsjón með Girðingarsjóðnum, geymir viðskiftabók hans við Söfnunarsjóðinn og tekur á sínum tíma þá vexti Girðingarsjóðsins, er útborgast eiga. Hún ákveður einnig eftir tillögum hreppsnefndarinnar í Holtahreppi, hvernig vöxtum sjóðsins skuli verja til girðinga, hvar og hvernig, og með hverju girða skuli. Hún semur enn fremur ársreikninga hans.

## 7. gr.

Ef sá tími kemur, að ekki þarf lengur á öllum vöxtum sjóðsins að halda til að auka eða bæta girðingarnar í Holtahreppi, enda sje þá landareign hverrar jarðar í hreppnum fullgirt, þá má verja vöxtum sjóðsins til annara búnaðarbóta í Holtahreppi.

Syðri-Rauðalæk, 23. des. 1924.

*Runólfur Halldórsson.*

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Gullbrúðkaupssjóð hjónanna Runólfs Halldórssonar og Guðnýjar Bjarnadóttur á Rauðalæk, útgefin á venjulegan hátt, að mandatunum, af dóms- og kirkjumálaráðherra, 26. janúar 1925. Skipulagsskráin er þannig: 26. jan.

## SKIPULAGSSKRÁ

Gullbrúðkaupssjóðs hjónanna Runólfs Halldórssonar og Guðnýjar Bjarnadóttur á Rauðalæk.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Gullbrúðkaupssjóður hjónanna Runólfs Halldórssonar og Guðnýjar Bjarnadóttur á Rauðalæk.